



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250
Netfang: hsl@hsl.is

STARFSLEYFI

Tónaþing ehf. - Tónleikar Bergmál, Þingvöllum

Varaafsstöð

Þingvöllum, Bláskógabyggð 806 Selfoss

Nafn og kt. rekstraraðila: **Tónaþing ehf. - Tónleikar Bergmál, Þingvöllum, kt.
5811252240**

Heimilisfang: **Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík**

Útgáfudagur: 19. júní 2026

Gildir til: 20. júní 2026

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Almenn skilyrði fyrir rafmagsframleiðslu með díselmótorum
dags. 19. júní 2026**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 19. júní 2026

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

2606114HS

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.	550/2018
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980
1.3	Í starfsleyfi eru skráð sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	803/2023, sbr. rgl. 550/2018
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	803/2023, sbr. rgl. 550/2018
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017

2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 803/2023
---	-------------------------------------

3. MENGUNARVARNIR

	Rgl.nr.
3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008
3.2 Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.
3.3 Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	803/2023
3.4 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013
3.5 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999
3.6 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003

3.7	Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017
3.8	Heilbrigðisnefnd Suðurlands vísar í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 650/2006 þar sem segir að óheimilt sé að geyma eiturefni og hættuleg efni þ.m.t. olíur og bensín, innan verndarsvæðis Þingvallavatns sem spillt gta vatnsgæðum þess, sbr. þó 21. gr. reglugerðarinnar.	650/2006
3.9	Skv. 21. gr. reglugerðar nr. 650/2006 er einungis heimilt að hafa neyslugeyma fyrir olíu og eiturefni og hættuleg efni sem ætluð er til notkunar innan svæðisins t.d. vegna landbúnaðar og fyrirtækja með starfsleyfi á verndarsvæðinu. Geymarnir skulu vera samkvæmt fullnægjandi mengunarvarnarkröfum og allur frágangur miðaður við að mæta óhöppum við áfyllingu. Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar Suðurlands fyrir byggingu og notkun olíugeyma og geyma fyrir eiturefni og hættuleg efni. Í leyfi skal setja kröfur um lekavarnir, um eftirlit með lekavarnabúnaði og viðbrögð við óhöppum.	650/2006

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

	Rgl.nr.
4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.	803/2023
4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999
4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	1450/2025
4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999
4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999

4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.
4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016

5. EFTIRLIT

	Rgl.nr.
5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998

Undanþága veitt vegna starfsemi á Þingvöllum var veitt af Umhverfis- orku- og lofstlagsráðuneytinu í dag, svohljóðandi:

Þann 9. júní sl. barst umhverfis-, orku- og lofstlagsráðuneytinu beiðni frá Tónaþingi ehf. um undanþágu frá 16. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns, þar sem fram kemur að óheimilt sé að hefja nýjan atvinnurekstur á verndarsvæðinu sem er starfsleyfisskyldur skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun.

Undanþágunnar var óskað í tengslum við tónlistarviðburð á Þingvöllum sem ráðgerður er 20. júní nk., en samkvæmt upplýsingum frá viðburðarhaldara þarf að knýja viðburðinn að stærstum hluta með díselknúnum rafstöðvum. Fram kemur í beiðni Tónaþings ehf. að þrjár rafstöðvar, auk einnar vararafstöðvar, verði staðsettar aftan við aðalsviðið Dynberg að Leirum, og að þær verði búnar sérstökum varnarbúnaði bæði varðandi útblástur og hljóð. Jafnframt kemur fram að vandað verði til verka varðandi öryggi og notkun á umræddum rafstöðvum.

Um er að ræða nýjan atvinnurekstur sem óheimilt er að hefja á verndarsvæði Þingvallavatns samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 650/2006. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar getur ráðherra þó, að fenginni umsögn Þingvallanefndar, Umhverfis- og orkustofnunar, sveitarstjórnar, heilbrigðisnefndar Suðurlands, eða annarra aðila eftir eðli starfsemi, veitt undanþágu frá 1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar. Óskað var eftir umsögnum framangreindra aðila þann 11. júní sl.

Bláskógabyggð veitti jákvæða umsögn um erindið samdægurs, sem og heilbrigðisnefnd Suðurlands, enda yrði farið að auglýstum skilyrðum nefndarinnar samkvæmt fyrirhuguðu starfsleyfi fyrir starfsemina. Þann 12. júní sl. barst ráðuneytinu einnig jákvæð umsögn frá Þjóðgarðinum á Þingvöllum og Þingvallanefnd. Fram kemur í umsögninni að viðburðurinn hafi verið til umfjöllunar hjá Þingvallanefnd og þjóðgarðsverði og samþykkt að veita leyfi fyrir viðburðinum. Þær díselvélar sem notaðar verði séu samkvæmt öllum upplýsingum mjög vel útbúnar og sinnt af fyrirtækinu Svörtu perlunni.

Umhverfis- og orkustofnun óskaði eftir nánari upplýsingum sem veittar voru þann 18. júní sl. Þær upplýsingar lutu að stærð eldsneytistanka, að fyllt yrði á olíu með bakka undir með mengunarvarnarbleyjum og að því ekki væri reiknað með að olía væri geymd á svæðinu.

Einnig kom fram að Brunavarnir Árnessýslu verði með mengunarvarnarbúnað á staðnum, lekavarnarbúnaður verði á rafstöðvunum og viðbragðsáætlun vegna olíuleka sé fyrir hendi. Þá var send ljósmynd af rafstöðvunum og staðsetningu þeirra innan hátíðarsvæðisins.

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á í umsögn sinni að við framkvæmd viðburðarins verði þeim ráðstöfunum og verklagi fylgt sem lýst er í gögnum málsins til að fyrirbyggja mengun og lágmarka

umhverfisáhrif af viðburðinum. Stofnunin bendir einnig á að rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni afvöldum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu og að því gefnu að þeim mengunarvörnum og verklagi sem lýst er í gögnum málsins verði fylgt, gerir

Umhverfis- og orkustofnun ekki athugasemd við að undanþága verði veitt.

Með vísan til jákvæðra umsagna frá umsagnaraðilum fellst ráðherra á að veita undanþágu frá 1. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns, vegna framangreinds. Skilyrði fyrir undanþágunni er að farið verði eftir þeim skilyrðum sem heilbrigðisnefnd Suðurlands setur í starfsleyfi fyrir starfsemina. Kveða skal á um undanþágu þessa í starfsleyfinu.


Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi, 19. júní 2026

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Sigrún Guðmundsdóttir,

framkvæmdastjóri